

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Patreksfirði



Dags eftirlits	26.6.2013	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing	Fulltrúi UST	
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Kristján Vigfússon	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	269447,152 575484,402

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi fundust við eftirlit. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Komið var í olíubirgðastöðina og sest yfir mælingar og skráningar með Kristjáni stöðvarstjóra. Farið var yfir skráningar á mánaðarblöð. Skráningar í rekstrarhandbók og á mánaðarblöð voru í góðu lagi.

Allir geymar voru botnþykktarmældir árið 2009 og nýlega málaðir. Ástand geyma mjög gott. Geymar standa í þró og loki í frárennsli þróar var lokaður. Lagnir nr. 450.50.00, 450.60.00, 450.61.00, 450.68.00 og 450.69.00 voru þrýstiprófaðar árið 2008 og því skal endurmæla á þessu ári.

Olíuleifar í frárennsli olíuskilju var mælt með olíuprófi Macherey Nagel og stóðst frárennslið það próf.

Bensín er geymt í stöðinni. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokgjarna lífrænna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva, eru fyrirbyggjandi geymar með föstu þaki í olíubirgðastöðvum undanþegnir ákvæðum um gufuendurnýtingarbúnað. Stöðin á Patreksfirði hefur ekki gufusöfnunarbúnað.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró) og olíuskilja. Áfyllingarplan var svo og skoðað.

Girðing og hlið að stöðinni voru í lagi.

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

Reykjavík, 22.08.2013

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.